

## REGLUR

### um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleifa og frírra fitusýra.

#### 1. gr.

Flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleifa og frírra fitusýra skulu vera sem hér segir. Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í viku. Séu tekin fleiri en eitt sýni í viku skal lakasta niðurstaðan gilda fyrir vikuna nema vegna lyfjaleifa þá telur hvert sýni. Verðfelling fyrir hvern lítra skal reiknuð sem hlutfall af afurðastöðvaverði sem gildir á hverjum tíma, skv. nánari útlistun í 2. – 5. gr.

#### 2. gr.

Flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eru eftirfarandi:

1. flokkur	≤ 200.000	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 200.000 og ≤ 400.000	16% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.
3. flokkur	> 400.000 og ≤ 3.000.000	36% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.
4. flokkur	> 3.000.000	60% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.

Hvert vikunnlegg sem flokkast í 2. flokk, skal verðfellt um 16%, í 3. flokk skal verðfellt um 36% og hvert vikunnlegg sem flokkast í 4. flokk skal verðfellt um 60%.

#### 3. gr.

Flokkun og verðfellingar mjólkur vegna frumutölu eru sem hér segir:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 500.000	5% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.
3. flokkur	> 500.000	18% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.

Flokkun og verðfelling miðast við faldmeðaltal mánaðar. Ef mjólk flokkast í 2. flokk þá verðfellist allt mjólkurmagn mánaðarins um 5% og ef mjólk flokkast í 3. flokk þá verðfellist allt mjólkurmagn mánaðarins um 18%. Ef mjólk flokkast í 3. flokk vegna frumutölu þrjá mánuði í röð þá verðskerðist mjólkurmagn síðasta mánaðar um 36% og ef mjólk flokkast fjóra mánuði í röð eða oftar þá verðskerðist mjólkurmagn síðasta mánaðar um 54%.

#### 4. gr.

Ef í mjólk framleiðanda sem send hefur verið í mjólkurstöð finnast lyfjaleifar þá skal það innlegg ekki skráð, þar að auki verði innlegg viðkomandi viku verðfellt um 60% af afurðastöðvaverði mjólkur. Ef um fleiri en eitt tilfelli er að ræða frá sama framleiðanda innan sama mánaðar þá verðskerðist innlegg mánaðar um 15% fyrir hvert tilfelli.

#### 5. gr.

Flokkun og verðfellingar mjólkur vegna frírra fitusýra eru sem hér segir:

1. flokkur	≤ 1,1 mmol/l	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 1,1 mmol/l og ≤ 1,8 mmol/l	5% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.
3. flokkur	> 1,8 mmol/l	15% verðfelling af afurðastöðvaverði mjólkur.

Flokkun vegna frírra fitusýra hefst frá gildistöku þessara reglna en verðskerðing vegna frírra fitusýra tekur gildi frá og með 1. janúar 2011. Flokkun miðast við faldmeðaltal mánaðarins. Ef mjólk flokkast í 2. flokk þá verðfellist allt mjólkurmagn mánaðarins um 5% og ef mjólk flokkast í 3. flokk þá verðfellist allt mjólkurmagn mánaðarins um 15%.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast gildi 1. febrúar 2010, en frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 503/2006.

*Reykjavík, 14. janúar 2010.*  
F.h. verðlagsnefndar búvöru,  
**Ólafur Friðriksson** formaður.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2010